

**Verkmenntaskóli Austurlands**

**02 358**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Verkmenntaskóli Austurlands**  
**kt. 520286-1369**  
**Mýrargötu 10, 740 Neskaupstaður**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Verkmenntaskólinn á Austurlandi er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Hlutverk stofnunarinnar er að vera kjarnaskóli iðn- og tæknimenntunnar á Austurlandi. Sérstaða skólans er að hann er eini framhaldsskóli á Austurlandi sem býður upp á verklegt nám og leggur skólinn áherslu á að vera í góðum tengslum við atvinnulífið.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 1 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 518,1 milljónir og afkoma kr. 15,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 30,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 120,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Verkmenntaskóla Austurlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Verkmenntaskóla Austurlands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Hafliði Hinriksson  
Skólameistari

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	473.613.000	446.044.000
Aðrar tekjur .....	3	13.328.500	10.791.000
Seld þjónusta .....	3	5.891.500	10.166.334
Vörusala .....	4	53.250	24.445
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	17.312.687	18.909.667
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	7.940.762	8.826.366
<b>Tekjur samtals</b>		<b>518.139.699</b>	<b>494.761.812</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	348.094.381	335.573.429
Annar rekstrarkostnaður .....	6	146.597.317	131.890.951
Afskriftir .....	7	7.940.762	8.826.366
<b>Gjöld samtals</b>		<b>502.632.460</b>	<b>476.290.746</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>15.507.239</b>	<b>18.471.066</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		8	6
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(26.641)	(119.555)
		(26.633)	(119.549)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>15.480.606</b>	<b>18.351.517</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	15.480.606	18.351.517
Rekstrartilfærslur .....		0	0
		<b>15.480.606</b>	<b>18.351.517</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		33.023.343	34.256.589
Farartæki og vélar .....		573.959	692.709
Aðrar eignir .....		338.504	465.442
		<u>33.935.806</u>	<u>35.414.740</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>33.935.806</u>	<u>35.414.740</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		1.766.050	608.110
Tengdir aðilar .....	9	70.930.255	25.887.870
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	735.781	0
Handbært fé .....	11	13.218.484	16.042.096
		<u>86.650.570</u>	<u>42.538.076</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>86.650.570</u>	<u>42.538.076</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>120.586.376</u>	<u>77.952.816</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		30.103.531	14.622.925
		<u>30.103.531</u>	<u>14.622.925</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>30.103.531</u>	<u>14.622.925</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	473.728	93.105
Viðskiptaskuldir .....	13	6.945.849	2.253.899
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	17.289.885	18.068.742
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	65.773.383	42.914.145
		<u>90.482.845</u>	<u>63.329.891</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>90.482.845</u>	<u>63.329.891</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>120.586.376</u>	<u>77.952.816</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		15.480.606	18.351.517
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	7.940.762	8.826.366
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(7.940.762)	(8.826.366)
		<u>15.480.606</u>	<u>18.351.517</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.893.721)	2.511.946
Tengdir aðilar .....		(20.323.590)	(11.779.642)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		3.913.093	(2.768.364)
		<u>(18.304.218)</u>	<u>(12.036.060)</u>
		<u>(2.823.612)</u>	<u>6.315.457</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(6.461.828)	(3.605.374)
		<u>(6.461.828)</u>	<u>(3.605.374)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		5.461.828	3.605.374
Gjafaframlög til fjárfestinga .....		1.000.000	0
		<u>6.461.828</u>	<u>3.605.374</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(2.823.612)	6.315.457
		<u>16.042.096</u>	<u>9.726.639</u>
		<u>13.218.484</u>	<u>16.042.096</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði mótttekis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum, húsaleigu og styrkjum frá fyrirtækjum til sérstakra verkefna.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	Óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	473.613.000	446.044.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	7.940.762	8.826.366
	<u>481.553.762</u>	<u>454.870.366</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	495.800.000	0	0	495.800.000
Fjáraukalög .....	(20.000.000)	0	0	(20.000.000)
Millifært úr varasjóð .....	2.900.000	0	0	2.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	(7.487.000)	0	0	(7.487.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>473.613.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>473.613.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(458.132.394)	0	0	(458.132.394)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>15.480.606</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>15.480.606</b>

	2021	2020
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	3.900.000	3.285.334
Ýmsar þjónustutekjur .....	1.851.500	2.001.000
Fræðslustarfsemi og fundir .....	140.000	4.880.000
	<u>5.891.500</u>	<u>10.166.334</u>

<b>4 Vörusala</b>		
Tæki, búnaður, áhöld .....	15.000	0
Kennslufni .....	38.250	24.445
	<u>53.250</u>	<u>24.445</u>

<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	7.513.698	5.064.000
Kostnaðarhlutdeild .....	1.734.747	8.509.012
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	0	1.580.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	7.891.476	3.578.155
Ýmsar tekjur .....	172.766	178.500
	<u>17.312.687</u>	<u>18.909.667</u>

<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	282.311.629	270.987.561
Orlof, breyting .....	(399.925)	525.505
Launatengd gjöld .....	65.308.440	63.653.750
Starfsmannakostnaður .....	874.237	406.613
	<u>348.094.381</u>	<u>335.573.429</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	31,1	31,0

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	592.994	608.795
Byggingarvörur, almennar ....	983.992	1.544.887
Byggingarvörur, aðrar ....	3.662	0
Tæki og búnaður til innréttinga ....	0	344.681
Ýmis tæki og áhöld ....	1.778.845	1.122.431
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	718.808	1.730
Orkugjafar ....	10.293.422	9.690.898
Matvæli ....	2.033.331	1.918.325
Almennar rekstrarvörur ....	1.506.712	2.137.630
Vörukaup, almenn	17.911.766	17.369.377
Kennslu- og föndurvörur ....	3.339.351	1.804.231
Vörukaup, sérgreind	3.339.351	1.804.231
Fundir, námskeið, risna ....	1.082.280	484.615
Ferðir, uppihald ....	1.802.842	1.403.303
Akstur ....	1.368.521	1.006.440
Sérfræðiþjónusta ....	16.915.831	11.724.263
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	491.839	406.226
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	402.741	233.291
Vistunargjöld ....	36.000	0
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	692.820	719.648
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	22.792.874	15.977.786
Afnotagjöld ....	3.149.103	2.056.036
Leigugjöld ....	91.256.855	88.156.226
Notkun véla og flutningatækja ....	1.066.377	682.627
Verkkaup ....	5.300.011	3.813.181
Kostnaðarhlutdeild ....	1.406.543	972.130
Tryggingar, lögboðnar ....	130.632	117.861
Opinber gjöld ....	175.997	219.234
Tilfærslur ....	67.808	722.262
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	102.553.326	96.739.557
Annar rekstrarkostnaður samtals	146.597.317	131.890.951
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	7.695.074	8.580.678
Farartæki og vélar ....	118.750	118.750
Aðrar eignir ....	126.938	126.938
	7.940.762	8.826.366

## Skýringar

### Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður

	31.12.2021	31.12.2020
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	33.023.343	34.256.589
Farartæki og vélar .....	573.959	692.709
Aðrar eignir .....	338.504	465.442
	<u>33.935.806</u>	<u>35.414.740</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	95.776.950	950.000	1.411.380	98.138.330
Viðbætur á árinu .....	6.461.828	0	0	6.461.828
	<u>102.238.778</u>	<u>950.000</u>	<u>1.411.380</u>	<u>104.600.158</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	61.520.361	257.291	945.938	62.723.590
Afskrift ársins .....	7.695.074	118.750	126.938	7.940.762
	<u>69.215.435</u>	<u>376.041</u>	<u>1.072.876</u>	<u>70.664.352</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>33.023.343</u>	<u>573.959</u>	<u>338.504</u>	<u>33.935.806</u>

**31.12.2021 31.12.2020**

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	70.930.255	25.887.870
	<u>70.930.255</u>	<u>25.887.870</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	473.728	93.105
	<u>473.728</u>	<u>93.105</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Skattar .....	735.781	0
	<u>735.781</u>	<u>0</u>

### 11 Handbært fé

Tékkareikningar .....	13.195.562	16.019.183
Sparisjóðsreikningar .....	22.922	22.913
	<u>13.218.484</u>	<u>16.042.096</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 7,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	14.622.925	(3.728.592)
Afkoma ársins .....	15.480.606	18.351.517
Jöfnuður 31.12. ....	<u>30.103.531</u>	<u>14.622.925</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 14 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreitt orlof .....	13.725.132	14.125.057
Önnur ógreidd gjöld .....	3.564.753	1.160.836
Skattar .....	0	2.782.849
	<u>17.289.885</u>	<u>18.068.742</u>

### 15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	33.935.806	35.414.740
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	31.837.577	7.499.405
	<u>65.773.383</u>	<u>42.914.145</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	35.414.740	7.499.405	42.914.145
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	29.800.000	29.800.000
Gjafir til fjárfestinga .....	0	1.000.000	1.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	6.461.828	(6.461.828)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(7.940.762)	0	(7.940.762)
	<u>33.935.806</u>	<u>31.837.577</u>	<u>65.773.383</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 14 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 16 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert ótímabunda skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 95,1 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 6,0 milljónum.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.